




Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Reykjanesbæ 6. júní 2012
2012-650/10.4

Aukaeftirlit í Kólku.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fór, að beiðni Umhverfisstofnunar, í aukaeftirlit í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Kólku, að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ þann 5. júní. Ástæða eftirlits var úttekt á hugsanlegri mengun vegna bruna sem upp kom að morgni dags. 5. júní. Viðstaddir eftirlitið voru Ríkharður Fr. Friðriksson (HES), Stefán Ólafsson (HES) og Tinni verkstjóri (Kalka).

Við eftirlitið var farið í gegnum áætlun um viðbrögð við bráðamengun og/eða rekstrarstöðvun Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja með fulltrúa fyrirtækisins.

Engin bráðamengun varð við brunnann og engin mengandi úrgangsefni bárust út í umhverfið.

Fyrirtækið hefur stöðvað brennslu á úrgangi þar sem vatn hafði borist inn í rafmagnsskápa, en höfuðrofa rafmagns var slegið út við brunann. Ekki er endanlega vitað hvenær brennsla hefst á ný en að sögn fulltrúa fyrirtækisins er fyrirhugað að þurrka skápana í hið minnsta tvo til þrjá daga.

Úrgangur sem berst fyrirtækinu, meðan á stöðvun brennslunnar varir, mun verða settur í gryfjuna og í gáma á plani.

Athygli vakti að niðurföll á plani (austurhluti plans) annaði ekki því vatni sem enn var til staðar frá slökkvistarfinu og vatn flæddi upp um brunnlok, sjá meðfylgjandi myndir. Að sögn fulltrúa fyrirtækisins þá annaði dæla í fráveitukerfi ekki því vatnsmagni sem barst í fráveituna. Eftirlitið fór fram rúmum 30 mínútum eftir að slökkvilið fór af svæðinu.

Virðingarfyllst,

Ríkharður Fr. Friðriksson,
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Meðfylgjandi myndir:



HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA

SUÐURNES PUBLIC HEALTH AUTHORITY

